



**Ræða forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á málþingi um viðskipti og menningu
í Vasa
27. ágúst 1997**

Virðulegi forseti Finnlands.
Heiðruðu gestir.

Rætur finnskrar og íslenskrar menningar liggja djúpt í samfélagi bænda og fiskimanna. Arfurinn sem skóp hina ríkulegu þjóðarvitund var mótaður af aldalangri glímu við erfið náttúruöfl og kröpp kjör. Skáldin færðu þessa reynslu kynslóðanna í ódauðleg orð, gáfu okkur ljóð og sögur sem reyndust hollt veganesti á þeirri öld sem senn er á enda, tímаскеiði breytinga sem eru umfangsmeiri og byltingakenndari en nokkru sinni fyrr.

Okkar eigin ævi er svo stór hluti þessarar umbrotaaldar, breytingarnar svo samofnar eigin reynslu og minningum að okkur finnst nánast sjálfsagt að þjóðir okkar tvær, samfélög fátækra bænda og fiskimanna, á fyrri tíð þrúguð af erlendri áþján og gerræði framandi valds, skuli nú við ný aldarhvörf vera í fremstu röð þjóða heims, hátæknivædd samfélög sem hafa veröld víða að markaði, framar öðrum að líf skjörum, velferð og menntun, með trausta lýðræðislega stjórnarhætti, frjálsa umræðu og mannréttindi sem aðeins minnihluti þjóða hefur enn náð.

Í raun er það undur en ekki sjálfsögð þróun að þjóðir okkar skuli hafa náð slíkum árangri á svo skömmum tíma, einkum ef við lítum til atburðarásar og efnahags annarsstaðar í Evrópu svo ekki sé minnst á fjölmennar þjóðir í fjarlægum heimsálfum sem um þessar mundir minnst merkra afmæla.

Þegar við komum saman til að ræða viðskipti og menningu Finna og Íslendinga og horfum til nýrrar aldar þá er vert að setja á dagskrá umfjöllun um þá þætti sem úrslitum hafa ráðið um farsæla og að mörgu leyti einstæða þróun og meta þá eiginleika menningar og efnahagslífs sem

gert hafa Finna og Íslendinga á undraskömmum tíma að hátæknivæddum lýðræðisþjóðum með öflugra velferðarþjónustu og traust viðskiptanet sem nær um heim allan.

Ég ætla mér ekki í stuttu ávarpi að svara slíkum spurningum heldur aðeins að áréttu mikilvægi þess að þær séu ræddar, að við greinum skýrt þá eðlisþætti sem hafa skilað okkur slíkum árangri. Margar aðrar þjóðir hafa reynt, fáar hafa náð jafn langt.

Fordæmi okkar og annarra frændþjóða á Norðurlöndum eru orðið öðrum svo forvitnilegt að nánast í hverjum mánuði, jafnvel oft í sumum þeirra, koma til Norðurlanda sendinefndir frá stjórnvöldum og atvinnuvegum í fjarlægum heimsálfum til að læra af reynslu norrænna þjóða. Okkur kann að finnast það sjálfsagt en í raun eigum við sjálf eftir að ræða til hlítar hvers vegna okkur hefur farnast svona vel í hagþróun, heimsviðskiptum og tæknibyltingu.

„Þekktu sjálfan þig” er viturt máltæki frá fornri tíð og holl áminning þegar við tökumst á við hið nýja sem nú birtist okkur með æ meiri hraða.

Lærdómarnir úr sögu okkar, eiginleikarnir sem gert hafa okkur kleift að skara fram úr, eru ekki aðeins okkur sjálfum heldur einnig fjölda annarra þjóða í austri, vestri og suðri dýrmætt og nauðsynlegt veganesti þegar við höldum til móts við nýtt árpúsund.

Kannski eru það umfram annað tveir eiginleikar, hin ríka sköpunargleði og viljinn til að nema nýja tækni og þekkingu, hvort tveggja menningarþættir mótaðir af arfi fyrri tíðar og ögrandi breytingum nútímans, sem veitt hafa þjóðlífi okkar einstæðan sóknarkraft.

Finnar og Íslendingar eru nú í tveimur efstu sætum meðal allra þjóða þegar mæld er tenging heimila og fyrirtækja við alnetið. Tölvunotkun barna og unglunga er meiri en í öðrum löndum og við verðum meðal fyrstu landa til að opna öllum íbúum aðgang að upplýsingahraðbrautinni.

Íslensk stjórnvöld ákváðu á síðasta áratug tolla og álögur á þann veg að auðvelda almenningi kaup á tölvum og hugbúnaði og árangurinn hefur orðið ótvíræður. Í kjölfarið hefur hin unga kynslóð á síðustu fimm árum eða svo stofnað fjölda hugbúnaðar- og tölvufyrirtækja sem sum hafa náð í fremstu röð og skapað samvinnu við hina alþjóðlegu risa, Microsoft, Intel og IBM. Notendur íslensks hugbúnaðar er nú að finna um allan heim, bæði meðal þúsunda smærri fyrirtækja og innan fjölþjóðasamsteypna svo

sem Kodak, VISA, Ford, Volvo, City Bank, BP og Bell Telephone, svo nokkur dæmi séu nefnd. Gjaldeyrstekjur af hugbúnaðarframleiðslu eru nú meðal helstu vaxtarbrodda íslenska hagkerfis.

Vissulega hefur tvennt greitt götur alþjóðavæðingar íslenska hagkerfisins á síðari árum. Annars vegar sá árangur í stjórn efnahagsmála sem náðist við upphaf þessa ártugar og hins vegar útrás sjávarútvegsins sem á skömmum tíma hefur breyst úr hefðbundinni íslenskri atvinnugrein í alþjóðlega viðskiptastarfsemi með dótturfyrirtæki, hliðarfyrirtæki og samstarfsfyrirtæki í öllum heimsálfum.

Þótt Ísland hafi kosið að vera utan Evrópusambandsins erum við meðal örfárra Evrópulanda sem nú þegar uppfylla öll skilyrði Maastricht-sáttmálans um árangur í stjórn efnahagsmála. Verðbólgan er 1-2%, atvinnuleysi 3-4%, tekjuafgangur er á fjárlögum og hagstæð þróun er í viðskiptum við útlönd og skuldastöðu. Allt eru þetta tölulegar staðfestingar á árangri í hagsstjórn.

Forystusveitir fyrirtækja og atvinnulífs og nýjar kynslóðir ungra stjórnenda og frumkvöðla sem sótt hafa viðskiptamenntun og tæknikunnáttu víða um heim eru í óða önn að nýta þessi hagstæðu skilyrði til að alþjóðavæða markaðsöflun og atvinnulíf. Kína, Indland, Víetnam, Indónesía, Mexiko, Chile, Argentína, Brasilía og ýmis ríki í Afríku eru dæmi um samstarfslönd í sjávarútvegi, sjávarútvegstækni og afurðasölu sem best hafa við hefðbundin markaðslönd okkar í Evrópu og Norður-Ameríku. Eylandið í norðri er nú margtengt við hina alþjóðlegu hringiðu viðskipta, fjármála og fjárfestinga.

Sama má vissulega segja um Finnland og á sumum sviðum standið þið jafnvel enn framar en við. Árangur beggja er raunar slíkur að fróðlegt væri að sjá hinn jákvæða sprengikraft sem skapast gæti við að fyrirtæki úr löndum okkar tækju höndum saman, ekki aðeins til að halda inn á markað hver hjá öðrum, heldur að sækja saman inn á hinn breiða og hraðbreytilega markað heimsins alls.

Það eru ekki aðeins gæði vöru og þjónustu og hátækni framleiðslu okkar sem geta opnað Finnum og Íslendingum dyr í öðrum heimshlutum. Sá eiginleiki er ef til vill mikilvægastur að það er borið til okkar traust, okkur er sýndur trúnaður, við ögrum engum, erum ekki með annarlega hagsmuni í farangrinum.

Táknstaða Helsinki og Reykjavíkur í þeirri atburðarrás sem skóp nýja heimsmynd á sér í raun enga hliðstæðu. Helsinkisáttmálinn og leiðtogafundurinn í Reykjavík voru megináfangar við að losa heiminn við fjötra kalda stríðsins og opna veröldina fyrir þróun í átt að friði og lýðræði, mannréttindum og frjálsum viðskiptum.

Traustið og trúnaðurinn eru þegar öllu er til skila haldið mikilvægustu eiginleikarnir í hinu flókna alþjóðlega kerfi viðskipta og samstarfs. Hin gömlu gulllögmál sveitaparpsins og kauphallarinnar að orð skulu standa, áreiðanleikinn sé æðsta dyggð, traust og trúnaður séu verðskulduð og varanleg eru enn á okkar tíð mikilvægustu þættir mannlegra samskipta.

Þjóðir sem hafa slíka eiginleika og eru auk þess vel búnar að tækni, menntun og viðskiptareynslu, geta náð ótrúlega langt í hagkerfi nýrrar aldar þar sem hin fjarlæggu ríki Asíu og Suður-Ameríku verða í æ ríkari mæli hreyfiaflið.

Finnar og Íslendingar geta bæði einir sér og enn frekar í samvinnu náð ótrúlegri stöðu á þessum nýja alþjóðlega markaði ef við varðveitum þá eiginleika sem hafa á öldinni sem senn er á enda skilað okkur sjálfum einstæðum árangri.

Ég vona að málþingið hér í dag og heimsókn okkar verði til þess að á næstunni kappkosti fyrirtæki og forystufólk að kanna margvíslega möguleika til samvinnu þjóða okkar á sviðum viðskipta og menningar.

Tækifærin eru margþætt og spennandi. Hagnýting þeirra er í senn ögrandi og arðvænlegt verkefni.